



RÉTTARRÍKIÐ: LEIÐARVÍSIR



RÉTTARRÍKI, LÝÐRÆÐI, MANNRÉTTINDI

Réttarríkið, lýðræði og mannréttindi, þrjár meginstoðir Evrópuráðsins, eru nátengd og óaðskiljanleg.

- ▶ Lýðræði tryggir að borgarar taki þátt í opinberri ákvarðanatöku.
- ▶ Mannréttindi vernda einstaklinga gegn geðþótta- og óhóflegum afskiptum af frelsi þeirra og tryggja mannlega reisn.
- ▶ Ríki sem lýtur réttarríkinu tryggir að beiting opinbers valds sé háð reglum og undir eftirliti.

Réttarríkið eflir lýðræði því það gerir þá sem fara með opinbert vald ábyrga. Það verndar mannréttindi með sjálfstæðu og óhlutdrægu dómskerfi og verndar minnihlutahópa gegn geðþóttalegu meirihlutavaldi.

Af hverju er þetta nauðsynlegt?

Ríki án skýrra reglna er viðkvæmt fyrir óstöðugleika og geðþótta.

Réttarríkið verndar grundvallarfrelsi allra. Það er hornsteinn nútímalýðræðisríkja.

Réttarríkið byggir á fimm grundvallarreglum:

- ▶ **Lögmæti** – Lög gilda um alla og setja valdi skorður.
- ▶ **Réttaröryggi** – Lög eru skýr, aðgengileg og fyrirsjáanleg.
- ▶ **Komið í veg fyrir misbeitingu valds** – Eftirlit er haft til að koma í veg fyrir geðþótta.
- ▶ **Jafnræði fyrir lögum og bann við mismunun** – Lög vernda alla, er beitt jafnt og mismunun er bönnuð.
- ▶ **Aðgangur að sjálfstæðri og óhlutdrægri málsmeðferð fyrir dómstólum** – Allir geta varið réttindi sín fyrir dómstólum.

Myndskreytingar af „Réttlætisgýðjunni“ eftir maltnesku listakonuna Nadine Theuma





LÖGMÆTI

Lög gilda um alla og setja valdi skorður


Í ríki sem lýtur réttarríkinu er aðgerðum yfirvalda og borgara stjórnað af löggjöf sem sett er á lýðræðislegan hátt. Framkvæmdarvaldið getur ekki beitt valdi sínu og þröngvað vilja sínum upp á aðra án takmarkana eða eftirlits.

Meginreglur

- ▶ Allar ákvarðanir verða að vera teknar innan ramma laganna.
- ▶ Lög verða að vera samþykkt samkvæmt skýru og gagnsæju lýðræðislegu ferli.
- ▶ Ákvarðanir opinberra yfirvalda verða að vera endurskoðaðar af sjálfstæðu dómsvaldi. Ríkisstjórnin getur ekki veitt sjálfri sér nýjar valdheimildir án þess að fylgja þeim reglum sem settar eru í stjórnarskránni.
- ▶ Alþjóðasamþykktir og -sáttmálar, svo og dómur alþjóðadómstóla, verða að vera innleiddir og virtir.
- ▶ Lögunum verður að framfylgja á skilvirkan hátt.

Af hverju er þetta nauðsynlegt?

Ef ekki þyrfti að beita valdi innan ramma laga er hætt á misnotkun. Til dæmis gæti ríkisstjórn takmarkað frelsi að vild. Skýrleiki og virðing fyrir löggjöf sem sett er á lýðræðislegan hátt er trygging fyrir réttlæti og jafnrétti fyrir alla.



RÉTTARÖRYGGI

Lög eru skýr, aðgengileg og fyrirsjáanleg


Réttaröryggi tryggir að lög séu skýr, aðgengileg og fyrirsjáanleg og þeim sé ekki beitt með afturvirkum hætti. Þannig þekkja allir réttindi sín og skyldur fyrir fram.

Meginreglur

- ▶ Lög og dómsúrlausnir verða að vera aðgengilegar og skiljanlegar.
- ▶ Lög mega ekki breytast á ófyrirsjáanlegan hátt og verða að vera samræmd.
- ▶ Ekki er hægt að sakfella einstakling fyrir athöfn sem ekki var talinn glæpur eða brot á þeim tíma sem hún var framin.

Af hverju er þetta nauðsynlegt?

Til þess að einstaklingar geti hagað athöfnum sínum með öryggi verða þeir að þekkja réttindi sín og skyldur. Óljós lög eða lög sem taka örum breytingum skapa óvissu og óstöðugleika og gera einstaklinga berskjaldaða fyrir ófyrirsjáanlegum viðurlögum.



KOMIÐ Í VEG FYRIR MISBEITINGU VALDS

Eftirlit er haft til að koma í veg fyrir geðþótta

Ótakmarkað og eftirlitslaust vald leiðir til óréttlætis. Hættur sem fylgja alræðisvaldi eru meðal annars geðþóttalegar ákvarðanir, spilling og pólitísk kúgun. Til dæmis getur óhóflegt eftirlit án dómsheimildar eða yfirsýnar leitt til mannréttindabrota.

Meginreglur

- ▶ Valddreifing: vald má ekki safnast á hendur eins yfirvalds.
- ▶ Rökstuðningsskylda: réttlæta og útskýra þarf opinberar ákvarðanir.
- ▶ Endurskoðun dómstóla: Allar opinberar ákvarðanir verður að vera hægt að bera undir óháða og óhlutdræga dómstóla.

Af hverju er þetta nauðsynlegt?

Án eftirlits gæti ríkisstjórn tekið geðþóttalegar ákvarðanir, ritskoðað andstæðinga sína eða jafnvel afnumið grundvallarfrelsi. Réttarríkið setur verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir slíka misnotkun.



JAFNRÆÐI FYRIR LÖGUM OG BANN VIÐ MISMUNUN

Lög vernda alla, gilda jafnt um alla og mismunun er bönnuð

Réttarríkið krefst þess að allir hafi sömu réttindi og skyldur samkvæmt lögum og að enginn óréttlætanlegur munur sé gerður á meðferð þeirra.

Jafnræði fyrir lögum þýðir

- ▶ Ekki má gera óréttlætanlegan greinarmun á fólki, hvorki í lögum né við beitingu þeirra.
- ▶ Veita þarf vernd gegn hvers kyns mismunun.
- ▶ Tryggja verður öllum sömu réttindi og skyldur.
- ▶ Allir sem verða fyrir mismunun verða að geta varið sig.

Helstu framfarir – Dæmi um kosningarétt kvenna

Sú töl sem varð á því að konur fengju kosningarétt í Evrópu er dæmi um sögulega mismunun. Finnland var fyrsta Evrópulandið til að veita konum kosningarétt árið 1906. Það var ekki fyrr en eftir 1918 sem flest önnur Evrópulönd fylgdu í kjölfarið og hefur hann aðeins verið almennur í Evrópu frá 1984. Í dag tryggir réttarríkið ekki aðeins kosningarétt kvenna heldur tryggir og hvetur einnig til virkrar þátttöku þeirra í stjórnmalalífi án mismununar.



AÐGANGUR AÐ SJÁLFSTÆÐUM OG ÓHLUTDRÆGUM DÓMSTÓLUM

Allir geta varið réttindi sín fyrir dómstólum

Aðgangur að sjálfstæðum og óhlutdrægum dómstól gerir fólki kleift að verja réttindi sín. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur til dæmis úrskurðað að það hafi brotið gegn réttindum kæranda að þeir gátu ekki borið undir dómstóla uppsögn úr starfi, sviptingu eigna eða takmörkun á umgengni við börn sín. Skjótverk og aðgengileg málsmeðferð fyrir dómstólum er nauðsynleg til að tryggja jafnan rétt.

Meginreglur

- ▶ Allir eiga rétt á að leita til dómstóla og eiga rétt á réttlátri málsmeðferð fyrir sjálfstæðum og óhlutdrægum dómstól.
- ▶ Dómar eru aðgengilegir og skýrðir á skilmerkilegan hátt.
- ▶ Lögfræðiráðgjöf og réttaraðstoð er í boði fyrir þá sem þurfa á henni að halda.
- ▶ Málsmeðferð er hæfilega skjót og ódýr.
- ▶ Úrlausnum dómstóla er hrundið í framkvæmd.

Af hverju er þetta nauðsynlegt?

Án aðgangs að dómstólum gætu borgarar, sem hafa orðið fyrir rangindum, ekki haldið rétti sínum fram. Ríkið verður að tryggja sjálfstæða dómstóla og dómskerfi sem er aðgengilegt öllum.



PAX EVAN
TIBI GELI
MARCI STA
GENITIVS

RÉTTARRÍKIÐ Í FRAMKVÆMD

Hlutverk Feneyjanefndar Evrópuráðsins

Feneyjanefndin hefur aðstoðað aðildarríki sín við að hanna stjórnskipunarkerfi sem tryggja nauðsynlega innleiðingu á meginreglum réttarríkisins. Nefndin hefur einnig útbúið verkfæri – gátlista um réttarríkið – til að meta hversu vel meginreglur réttarríkisins eru innleiddar í tilteknu landi.

Gátlisti Feneyjanefndarinnar um réttarríkið

Í gátlistanum um réttarríkið frá 2016 eru grundvallarreglur réttarríkisins – lögmæti, réttaröryggi, varnir gegn misbeitingu valds, aðgangur að dómstólum, jafnræði og bann við mismunun – settar fram í formi viðmiða með nákvæmum mælikvörðum og viðeigandi heimildum.

Með því að nota gátlistann geta stjórnvöld, þing, borgaralegt samfélag, borgarar og alþjóðastofnanir metið að hve miklu leyti meginreglur réttarríkisins eru virtar í tilteknu ríki. Gátlistinn gerir þannig kleift að greina veikleika eða eyður sem krefjast aðgerða af hálfu ríkisins. Feneyjanefndin hefur gefið út fjölmargar tillögur um hvernig megi bæta úr slíkum veikleikum og eyðum.

Hver erum við?

Feneyjanefndin „fyrir lýðræði með lögum“ er ráðgefandi nefnd Evrópuráðsins um stjórnskipunarrétt, skipuð óháðum sérfræðingum.

Hún var stofnuð 10. maí 1990 að hugmynd ítalska fræðimannsins Antonio La Pergola. Eftir fall Berlínarmúrsins aðstoðaði hún fjölmörg fyrrverandi sósíalistaríki við að taka upp lýðræðislegar stjórnarskrár og löggjöf og gerast í kjölfarið aðilar að Evrópuráðinu.

Í dag aðstoðar hún aðildarríki sín við að hanna stjórnskipunar- og lagabreytingar í samræmi við alþjóðlega staðla. Það að fara að tilmælum nefndarinnar hefur auðveldað umsóknarferlið um aðild að Evrópusambandinu.

Hlutverk

Að beiðni og í gegnum víðtækt samráðsferli við landsyfirvöld, ríkisstofnanir, hagsmunaaðila og borgaralegt samfélag metur Feneyjanefndin stjórnarskrár- og lagaumbætur, einkum á sviði kosninga- og dómsmála, og gefur út óbindandi tilmæli um hvernig megi bæta þessar umbætur til að virða og innleiða meginreglur lýðræðis, mannréttinda og réttarríkisins og til að hanna skilvirk og sjálfbær stjórnkerfi.

Aðildarríki

Feneyjanefndin samanstendur af 46 aðildarríkjum Evrópuráðsins auk 15 annarra frá Ameríku, Afríku og Asíu.

Af hverju Feneyjar?

„Evrópunefndin fyrir Lýðræði með lögum“ tók nafn sitt, „Feneyjanefndin“, af hinni frægu ítölsku borg í Lóninu þar sem hún hélt sinn fyrsta fund og þar sem hún heldur áfram að funda fjórum sinnum á ári.

1990–2025 – Árangur

Á þeim 35 árum sem Feneyjanefndin hefur starfað hefur hún haft mikil áhrif á að greiða fyrir upptöku lýðræðislegra stjórnarskráa og lýðræðislegri starfsemi stofnana, þökk sé sjálfstæði sínu og óhlutdrægni, fagmennsku og vinnubrögðum án aðgreiningar. Nefndin hefur einkum stuðlað að því að auka samræmi við meginreglur réttarríkisins og að efla þrískiptingu ríkisvaldsins og sjálfstæði dómstóla í aðildarríkjum sínum.

- ▶ **1000+**: Fjöldi álitsgerða og skýrslna um stjórnarskrár- og lagaumbætur
- ▶ **50+**: Fjöldi stjórnarskráa sem samdar hafa verið eða endurskoðaðar með hjálp nefndarinnar
- ▶ **200+**: Fjöldi óháðra lögfræðinga sem hafa lagt sitt af mörkum til starfa hennar

Af hverju skiptir þetta okkur öll máli?

Réttarríkið þýðir:

Stöðugt og friðsælt lýðræði.

Borgarar sem eru frjálsir og verndaðir gegn geðþóttavaldi.

Réttlátara og jafnara samfélag.

Myndskreytingar: Nadine Theuma

Allur réttur áskilinn.

Engan hluta þessa rits má þýða, afrita eða senda
áfram án skriflegs leyfis frá samskiptasviði
(F-67075 Strasbourg Cedex eða
publishing@coe.int).

Myndir © Evrópuráðið

Gefið út af Evrópuráðinu
F-67075 Strasbourg Cedex

www.coe.int

© Evrópuráðið, desember 2025

Vefsvæði Feneyjanefndarinnar

<https://venice.coe.int>



Í þessum bæklingi er fjallað um grundvallarreglur réttarríkisins: lögmati, réttaröryggi, varnir gegn misbeitingu valds, jafnræði fyrir lögum og aðgang að réttarkerfinu. Þessar reglur eru hornsteinn líögðræðis og mannréttinda og tryggja ábyrgja stjórnsýslu, frelsi einstaklinga og sanngirni í samfélaginu. Kynntu þér hvernig Evrópuráðið, með starfi Fenejjanefndarinnar, styður ríki við að viðhalda þessum stöðlum og vernda borgara gegn geðþóttavaldi. Hvort sem þú ert stefnumótandi aðili, nemandi eða áhugasamur borgari, þá leiðir þessi handbók í ljós hvers vegna réttarríkið skiptir máli og hvernig það verndar frelsi okkar á hverjum degi.

ISL

www.coe.int

Evrópuráðið er helsta stofnunin á sviði mannréttindamála í Evrópu. Aðildarríkin eru 46, þar á meðal öll aðildarríki Evrópusambandsins. Öll aðildarríki Evrópuráðsins hafa fullgilt Mannréttinasáttmála Evrópu, en þeim sáttmála er ætlað að standa vörð um mannréttindi, líögðræði og réttarríkið. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur umsjá með útfærslu sáttmálans innan aðildarríkjanna.

